

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. október 2023
Málsnúmer: 202307-0015
SS

Efni: Viðbótarumsögn um færslu þjóðvegjar austan Jökulsár á Breiðamerkursandi.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 3. október 2023, þar sem óskað er eftir viðbótarumsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmd Vegagerðarinnar á færslu þjóðvegjar austan Jökulsár á Breiðamerkursandi, eftir að ný gögn bárust um válistategundir á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar þann 11. ágúst 2023. Í þeirri umsögn kom m.a. fram að taka þyrfti tillit til væntanlegra niðurstaðna frá Náttúrustofu Suðausturlands um þéttleika fuglategunda á áformuðu vegstæði, einkum tegunda á válista.

Skýrsla Náttúrustofu Suðausturlands liggur nú fyrir. Í henni kemur fram að áætluð ný veglína liggur í gegnum búsvæði skúms sem er tegund metin í hættu á válista Náttúrufræðistofnunar. Það er mat Náttúrustofunnar að færsla á þjóðveginum muni raska varpsvæðum skúms og vegna slæmrar stöðu skúmsstofnsins, ekki síst á þessu svæði sem lengi vel var mikilvægasta varpsvæði tegundarinnar, ætti að leita allra leiða til að takmarka áhrif framkvæmda á stofninn. Stofnunin leggur til tvennt. Annars vegar breytingu á áformaðri veglínu og að horft verði til þess að nota frekar sem nýja veglínu eldri veg sem liggur norðar. Gögn benda til þess að sú veglína myndi hafa minni áhrif á varpóðöl skúma. Einnig myndi að mati Náttúrustofunnar þeim valkosti fylgja minna gróðurask, minni sjónræn áhrif og minna rask á gömlu árbökkum Jökulsár. Hins vegar leggur stofnunin til tillögur að mótvægisáðgerðum ef ekki reynist mögulegt að færa áformaða veglínu. Þar er m.a. nefndar tilraunir með girðingar til að hjálpa fuglategundum sem verpa á jörðinni, líkt og skúmi, til að verjast afráni.

Náttúrufræðistofnun tekur undir með þessum tillögum Náttúrustofunnar og mælir eindregið með því að veglína í eldri vegfarvegi sé skoðuð sem nýr valkostur, með það að markmiði að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á skúm. Einnig eins og kom fram í upphaflegri umsögn Náttúrufræðistofnunar, þarf að skoða betur áhrif valkosta á ummerki um fyrri farvegi Jökulsár.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

